STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1994

8. nóvember 1994 2041 Nr. 574

REGLUGERÐ

um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlent viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,00	68,22
Smjör, óniðurgreitt	967,51	68,22
Mjólkurduft	240,00	78,63
Undanrennumjöl óniðurgreitt	306,85	66,53
Ostur	450,62	150,55
Nautgripakjöt	483,00	161,05
Kindakjöt	486,20	110,08
Svínakjöt	435,50	113,15
Kjúklingakjöt	469,75	80,11

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

Tollskrárnúmer	Verðjöfnunargjald kr/kg
0402.1000	161
0403.1001	65
0403.1003	34
0403.9001	28
0403.9002	28
0403.9003	28
0403.9004	108
0403.9009	183

Steindórsprent Gutenberg hf.

Tollskrárnúmer	Verðjöfnunargjald kr/kg
0405.0000	252
0406.2000	385
0406.3000	309
0406.9000	240
1602.4900	107
1901.2023	98
1901.2024	67
1902.2022	48
1902.2041	50
1902.3022	48
1902.3041	50
1902.4022	48
1905.9051	98
1905.9059	67
2202.9001	42

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir eða sé ekki í samkeppni við samskonar innlenda vöru eða vörulíki.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 421/1994.

Gjaldtaka af tollskrárnúmerum 1902.2022, 1902.2041, 1902.3022, 1902.3041 og 1902.4022 skal þó ekki hefjast fyrr en 1. desember 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1994.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.